

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 20. janúar 2023
UST202301-036/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 - Fjallaskálar, efnistökusvæði og vatnsból á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 fyrir fjallaskálar, efnistökusvæði og vatnsból á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti.

Í greinargerð kemur fram að með breytingunni er verið að auka byggingarmagn fjallasela og fjallaskála svo hægt sé að fjölga gistiþlásum á svæðinu. Einnig er verið að skilgreina vatnsból og verndarsvæði þeirra, ásamt nýjum efnistökusvæðum í tengslum við uppbyggingu og viðhald á skálum. Skilgreind eru átta ný afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir eldri miðstöðvar gangnamanna og heimild veitt til að viðhalda þeim skálum í upprunalegri mynd.

Í greinargerð kemur fram að í skipulagsáætluninni eru þrjú afþreyingar- og þjónustusvæði innan friðlands Þjórsárvera en þau eru Tjarnarver, Setrið og Helgabotnar.

Markmið

Í greinargerð segir að með aðalskipulagsbreytingunni er verið að setja ramma utan um aðstöðu í skálum á hálendinu og viðhaldi þeirra til framtíðar. Ferðamönnum um svæðið fjölgar sífellt og verið er að ganga úr skugga um að hægt sé að anna eftirspurn eftir gistiþlásum til að taka á móti stærri hópum fólks. Skálarnir eru viðkomustaður fyrir ferðamenn sem leggja leið sína um Gnúpverjafrétt og Þjórsárver, ýmist ríðandi, gangandi, hjólandi eða akandi.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að verið sé að setja ramma utan um aðstöðu í skálum. Auk þess telur stofnunin jákvætt að hugmyndin sé að setja skýran ramma varðandi byggingaheimildir og aðrar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að uppbygging ferðamannastaða innan Þjórsárvera og fjölgun ferðamanna innan þeirra geti valdið álagi á viðkvæmt svæðið og gæti þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á verndargildi þess.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur verið unnin stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland Þjórsárvera. Í 5. gr. friðlýsingarskilmálanna¹ segir: „Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við sveitarfélög, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í stjórnunar- og

verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, rannsóknir, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.“

Fjallaskálar í friðlandi Þjósárvera

Gert er ráð fyrir breytingu á svæðum AF22, Tjarnarveri, og AF23, Setrinu, sem eru innan friðlandsins Þjósárvera. Mikilvægt er að fram komi í tillögunni hvert sé núverandi byggingarmagn á svæðunum.

Samkvæmt deiliskipulagi sem nú er í vinnslu er innan Tjarnarvera 89 m² skáli.

Í gildandi aðalskipulagi segir að heimilt sé að auka byggingarmagn í allt að 150 m² og með þeirri breytingu sem er hér til umfjöllunar getur hámarksbyggingarmagn orðið allt að 300 m². Hér er því verið að auka byggingarmagn á svæðinu um allt að 210 m².

Samkvæmt deiliskipulagi sem nú er í vinnslu er innan Setrisins 150 m² skáli.

Í gildandi aðalskipulagi segir að hámarksbyggingarmagn getur orðið 150 m² og með þeirri breytingu sem er til umfjöllunar getur hámarksbyggingarmagn orðið allt að 450 m². Hér er því verið að auka byggingarmagn á svæðinu um allt að 300 m².

Hér er verið að auka byggingaheimildir þónokkuð á þessum stöðum sem getur orðið til þess að ásýnd svæðisins breytist.

Leyfisveiting

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í breytingartillögunni að samkvæmt 11. gr. auglýsingar nr. 870/2017 um friðland fyrir Þjósárver segir að allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum er óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2.-4. mgr.¹

Auk þess þarf að koma fram að leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og, þegar við á, lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Staðfest aðalskipulag

Í greinargerð er vitnað í 11. gr. friðlýsingaskilmála Þjósárvera¹ þar sem segir að *heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar.*

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þegar verið er að tala um „staðfest aðalskipulag“ er átt við staðfest aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016, þ.e. staðfest skipulag á þeim tíma sem *auglýsingin* fyrir friðlandið tók gildi, þ.e. 9. október 2017.

Því er óþarfi að mati stofnunarinnar að hafa þessa setningu í greinargerð, þ.e. „*Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar*“ þar sem ávallt þarf að leita umsagnar stofnunarinnar í samræmi við 68. gr. náttúruverndarlaga

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf

nr. 60/2013 og leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda í samræmi við 11. gr. auglýsingar fyrir friðlandið.

Umferð

Í greinargerð á bls. 7 segir að á tímabilinu 1. maí til 10. júní sé umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. auglýsingar fyrir friðland Þjórsárvera segir að umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð á tímabilinu 1. maí til **20. júní**, sbr. viðauka II, kort af svæði takmarkaðrar umferðar vegna heiðagæsavarps.

Efnistaka

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði innan Þjórsárvera sem nefnist Tjarnarver (E55) þar sem efnismagnið má vera allt að 5000 m³. Auk þess kemur fram að send verði fyrirspurn varðandi matsskyldu áður en svæðið verður tekið í notkun.

Í markmiðum með breytingunum segir að verið sé að heimila minniháttar efnistöku á nokkrum svæðum vegna úrbóta á aðkomuvegum. Umhverfisstofnun telur að 5000 m³ séu ekki minniháttar efnistaka.

Í markmiðum aðalskipulags segir að efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruuminjaskrá eða hverfisverndarsvæðum. Umhverfisstofnun veltir því fyrir sér hvort að breytingin sé í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags.

Í tengslum við efnistöku þarf að vitna í 9. gr. auglýsingarinnar¹ fyrir friðlandið í greinargerð þar sem fjallað er um verndun jarðmyndana þar sem segir að allt rask á jarðmyndunum sé óheimilt í friðlandinu, þ.m.t. áletranir hvers konar, efnistaka úr jökulgörðum o.s.frv. nema með sérstakri heimild skv. 11. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin þarf nánari staðsetningu á efnistökusvæðinu innan Þjórsárvera og stærð þess til að geta tekið afstöðu til og veitt umsögn um skipulagsáætlunina og umhverfisáhrif hennar á friðlandið.

Umhverfismat

Í umhverfismati segir að áhrif á verndarsvæði séu talin vera óveruleg/neikvæð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi friðlandsins.

Auk þess segir að aðgát skuli höfð við framkvæmdir á svæðinu með nánari skilmálum í deiliskipulagi fyrir hvern og einn skála til að takmarka áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að ekki einungis eigi að meta umhverfisáhrif uppbyggingar skála og vega heldur einnig afleidd áhrif uppbyggingar þessara þátta og ferðaþjónustu á svæðinu.

Umhverfisstofnunin bendir á að með eflingu ferðaþjónustu innan friðlands Þjórsárvera og á jarðir þess og með því að beina ferðamönnum inn í friðlandið getur fjöldi ferðamanna aukist sem getur valdið álagi á friðlandið.

Umhverfisstofnun bendir á að Þjórsárver eru mjög viðkvæmt svæði. Stofnunin telur að tillagan geti þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á verndarmarkmið friðlandsins hvað varðar fjölgun ferðamanna á svæðinu. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfa veranna,

rústamýravist, varpstöðva heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.

Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að í tillögunni sé fjallað um áhrif vegna fjölgunar ferðamanna í Þjórsárver.

Samgöngur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin, hvað varðar afmörkun samgangna á uppdrætti, sé í samræmi við viðauka auglýsingar¹ fyrir friðland Þjórsárvera.

Samráð

Þar sem stofnunin veitir leyfi til framkvæmda innan friðlands Þjórsárvera sbr. 11. gr friðlýsingarskilmála, er nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina um gerð aðalskipulagsins og gerð deiliskipulags að því er tekur til friðlandsins, sbr. 4.2.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og að haldinn sé samráðsfundur milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur